

Stjórnarfundur Leiknar - fundargerð

Dagsetning: 12.02.2016, kl. 13-15.

Staður: Skipholt 50b hjá Fræðslusetrinu Starfsmennt.

Mætt: Hulda Anna Arnljótsdóttir, Helga Gísladóttir, Guðrún Lárusdóttir, Sólveig Hildur Björnsdóttir, Þuríður Sigurðardóttir og Guðrún Vala Elísdóttir. Ólafur Ástgeirsson boðaði forföll.

Fundargerð er rituð í samræmi við boðaða dagskrá.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og komin á netið.

1. **Gögn á fundarsvæði** smennt.is. HAA fór yfir hvernig hægt er að nálgast fundargögn á lokuðu svæði með aðgangsorði. Til einföldunar fengu allir sama lykilorð sem þeir geta síðan breytt. Samþykkt að prófa að geyma fundargögn inni á þessu svæði m.a. til að minnka ljósritunarkostnað.
2. **Næstu fjarfræðsluerindi.** Rætt var um hugmyndir að fjarfræðsluerindum í mars, apríl og maí. Um 14-30 skrá sig inn í hvert sinn og stundum eru margir áheyrndur við eina tölvu. Mikilvægt að við í stjórn loggum okkur inn á fyrirlestrana. Næsta erindi í mars, hugmynd um að Björg kynni innra námskerfið, sem er rafrænn námsvefur Starfsmenntunar. Vantar tillögur og hugmyndir að apríl efni. Væri fróðlegt að fá að heyra eitthvað um hvað er að gerast úti á landi. Ákveðið að HAA hvetji símenntunarmiðstöðvar til að koma með hugmynd af efni aprílmánaðar í næsta veffréttabréfi.
3. **Tillaga að næsta ársfundi er 19. og 20. apríl á S-Vesturhorninu**, í samstarfi við Kvasir. Þarf að taka saman ársskýrslu og fleiri gögn fyrir fundinn og farið var yfir framkvæmdina. Spurning með ráðstefnu og þá hvaða fyrirlestur. Ákveðið að ræða betur þegar nær dregur.
4. **Fjármál starfsársins.** Guðrún Lárusdóttir gjaldkeri fer yfir fjármálin. 950.000 kr komu inn sem greiðsla á félagsgjöldum og 255.000 í aðrar tekjur. Rekstrarhagnaður ársins 2015 var 225.000 kr.
5. **Íslenski hæfniramminn.** Rætt um stöðuna í vinnu verkefnahópa um íslenska hæfnirammann og lagt fyrir sameiginlegt bréf ASÍ, SA, BSRB, Kvasis, Leikn og FA til mennta-og menningar-málaráðuneytis. Þar er spurt um hvort ráðuneytið stefni að einum sameiginlegum ramma eða hvort hann verður tvískiptur á milli skóla og atvinnulífs. Allir aðilar hafa áhuga á einum ramma og því heldur vinnan áfram.
6. **Erlendar fréttir:** a) NVL verkefni lokið með viðamikilli skýrslu sem nefnist „Folkbildning and validation of key competences“. Skýrslan kemur bæði út á prenti og á vefnum og leggur áherslu á þróun lykilhæfni í fullorðinsfræðslu og hvernig sérsníða má nám og mat út frá einstaklingum.
b) Fréttir frá fundi í Kaupmannahöfn. Fundargerð frá Kaupmannahafnarfund: áhersla á flóttamenn og pólitík og horfur í fullorðinsfræðslu. Skýrsla kynnt sem lögð var fram á fundi í Kaupmannahöfn í desember 2015 sem Hulda, Anna og Guðrún Lárusdóttir gerðu.
c) Goal verkefnið í fullum gangi og nýtt verkefni norrænu ráðherranefndarinnar um aðstoð við flóttamenn til að komast inn á vinnumarkað. (Vala og Sólveig Hildur)

7. **Áfram í umræðunni:** a) Útvíkkuð félagsaðild? Ná aftur til eldri félaga? Á að stefna að því að fá inn fleiri aðila? Einnig var rætt um hvort endurskoða þurfi samþykktir Leiknar eins og fyrri stjórn gerði tillögur um. Farið var yfir helstu breytingar en lítill áhugi var innan stjórnar að fylgja þeim breytingum eftir. Ákveðið að ræða það síðar. B) Rætt um að virkja hlutastarf frá samþykkt fyrri tíðar. Fer á formann eða starfsmann á vegum formanns og ákveðið að taka það upp aftur ef félagið stækkar.
8. **Önnur mál engin.**

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Fundargerð ritaði: Guðrún Vala Elísdóttir